

# LJÓSIÐ

1. TBL. 1. ÁRG. 2007

Margrét Frímannsdóttir, stjórnarformaður Ljóssins.

# Af hverju Ljósið?



Margrét Frímannsdóttir

Fyrir fimm árum síðan ákváðu stjórnendur Landspítala Háskólasjúkrahúss að hrinda af stað tilraunaverkefni um rekstur endurhæfingarmiðstöðvar fyrir krabbameinsgreinda. Starfsemin var sett í húsnæði þar sem Kópavogshælið var til húsa. Mér er ekki kunnugt um hver var upphafsmaður þessa verkefnis en starfsfólkið sem tók þátt í þessari tilraun var frábært hugsjónafólk, iðjuþjálfi, sjúkraþjálfarar, sálfræðingur og hún Silla sem tók á móti sjúklingum þegar þeir komu.

Að mati allra sem fengu þjálfun og endurhæfingu á þessum stað var starfsemin frábær. Vel staðsett, ekki í nágrenni þar sem greining á sjúkdómnum hafði farið fram né sjúkrahúsmeðferð, og það held ég að öllum hafi þótt mikill kostur. Endurhæfingarstarfið í Kópavogi var ekki hólfað niður eftir tegund krabbameins, fólk með mismunandi reynslu hittist, spjallaði og þjálfaði sig hlið við hlið.

Þessi starfsemi óx og dafnaði, allir sem því kynntust voru feikilega ánægðir. Ráðherra heilbrigðismála heimsótti staðinn og lofaði starfið. En tveimur árum síðar var engu að síður vegna þröngrar fjárhagsstöðu Landspítala Háskólasjúkrahúss ákveðið að draga úr starsfeminni og færa hana inn á spítalann. Þótt endurhæfingin hafi ekki verið lögð af þá breyttist hún óneitanlega við það að færast inn á sjúkrastofnun.

## Í Neskirkju

Erna Magnúsdóttir, sem stýrði iðjuþjálfuninni í Kópavogi eftir hugmyndafræði sem hún hafði byggt upp og skilaði miklum árangri, hafði ávallt lagt áherslu á að besti árangur næðist ef endurhæfingin færi fram utan veggja spítala og við sem höfðum notið þjónustunnar í Kópavogi vorum henni hjartanlega sammála.

Því var fljótlega farið að huga að því undir hennar stjórn að koma á fót sjálfstæðri endurhæfingu, iðjuþjálfun og þjónustu fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Það komu margir að undirbúningi starfsins og haustið 2005 byrjaði Erna að taka á móti fólki í Safnaðarheimili Neskirkju tvisvar í viku.

Þann 20. janúar 2006 rann svo stóri dagurinn upp. Ljósið, sjálfseignarfélag, var formlega stofnað og endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra formlega opnuð í Safnaðarheimili Neskirkju. Það lýsir þörfinni ef til vill best að við áttum ekki von á nema einhverjum tugum fólks á stofnfundinn en það var troðfullt hús og áhuginn mikill.

Við stöndum í mikilli þakkarskuld við stjórnendur og starfsfólk Neskirkju fyrir að veita okkur húsnæði fyrir starfsemina. Ekki síst erum við þakklát prestunum sem þar starfa og hafa stutt og styrkt starf Ljóssins frá byrjun.

Undir stjórn Ernu Magnúsdóttur hefur starf okkar í Neskirkju vaxið með ótrúlegum hraða. Upphaflega ætluðum við að hafa einn starfsmann fyrsta árið, en nú ári seinna eru fastir starfsmenn þrír, auk Ernu eru það Berglind Ásgeirsdóttir, iðjuþjálfi og Arnhildur Magnúsdóttir, sem ásamt mörgu öðru sér um jógakennslu á staðnum. Auk þess er fjöldi sjálfboðaliða ásamt einstaklingum sem taka að sér ákveðin verkefni.

Til okkar í Neskirkju kemur fólk á öllum aldri, þangað geta foreldrar komið með börnin sín eða barnabörn með ömmu og afa. Öllum stendur til boða iðjuþjálfun, sjálfshjálparhópar, samvera þar sem hægt er að deila gleði og sorg. Jóga, nudd, útivera, handverk, dans, líkamsrækt, kyrrðarstundir í kirkjunni og svo ótal margt annað sem eykur lífsgæðin og styrkir sál og líkama.

Við það að greinast með langvarandi alvarlegan sjúkdóm breytist svo margt. Lífið fær annan lit, því miður oft dökkan. Það er ekki bara sjúklingurinn sjálfur sem veikist, þeir sem eru í nánasta umhverfi verða oftar en ekki hluti af veikindaferlinu. Það er einstaklingum og fjölskyldum ómetanlegt að fá aðstoð til þess að takast á við veikindin og daglegt líf með það að markmiði að öðlast fyrr færni til þess að verða að hluta eða að fullu þátttakandi í samfélaginu að nýju. Þetta eru markmiðin sem höfð eru að leiðarljósi í starfsemi Ljóssins.

## Takk styrktaraðilar!

Það kostar auðvitað töluverða fjármuni að reka endurhæfingarstarf eins og þetta. Frá byrjun höfum við sett okkur það markmið að hafa allar gjaldtökur í algjöru lágmarki. Stærsti hluti þjónustunnar er gjaldfrír og í handverkshúsi greiða notendur aðeins fyrir það efni sem þeir þurfa við vinnu sína.

Þetta væri ekki hægt nema vegna þess að við höfum fengið styrk frá ríkinu sem nemur kostnaði við einn starfsmann. Rekstraraðilar Neskirkju hafa komið verulega til móts við okkur hvað varðar húsnæðiskostnað og fjöldi einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja hafa styrkt starfsemi

Ljóssins. Krabbameinsfélag Íslands styrkti okkur einnig myndarlega á síðasta ári. Við sendum öllum þessum aðilum okkar bestu þakkir. Án þessara framlaga væri starfsemin ekki eins öflug og hún er í dag. Okkar framtíðarsýn byggir á því að gera þjónustusamning við ríkið og koma okkur upp eigin húsnæði þar sem starfsemin getur vaxið og dafnað. Þar verði á einum og sama staðnum öflug endurhæfingar-, þjónustu- og upplýsingamiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Við viljum sjá öflugt samstarf Ljóssins, ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja svo þessi framtíðarsýn verði að veruleika.

Það er allra hagur að hver sá sem veikist alvarlega verði sem fyrst tilbúinn til að takast á við daglegt líf að nýju. Það er markmið þeirrar hugmyndafræði sem Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfi og forstöðumaður Ljóssins, aðrir starfsmenn og sjálfboðaliðar starfa eftir og hefur nú þegar sannað gildi sitt.

### Að njóta lífsins

Það er ekki sjálfgefið að hver einstaklingur sem vaknar að morgni hress og endurnærður, tilbúinn til að takast á við amstur dagsins og njóta lífsins, muni eftir að þakka fyrir það. Þeir sem hafa greinst með langvarandi alvarlega sjúkdóma vita hins vegar hversu mikils virði hver dagur er, þótt færnin til þess að takast á við daginn, andlega eða líkamlega erfiðleika, sé ef til vill af skornum skammti. Það er þessu fólki ómetanlegt að fá stuðning, leiðbeiningar og þjálfun til þess að takast á við erfiðleikana og helst að sigra þá. Við höfum hér á landi góða læknis- og hjúkrunarþjónustu sem tryggingakerfið tekur þátt í. Hluti af endurhæfingarþjónustu fellur einnig undir tryggingakerfið okkar en þó alls ekki að öllu leyti.

Endurhæfing, þar með talin iðjuþjálfun, er hluti af bataferli sjúklings og sem betur fer ná flestir þeirra sem veikjast fullum eða góðum bata. En endurhæfing í formi iðjuþjálfunar eykur einnig á lífsgæði þeirra sem eiga sér ekki von um að sigrast á erfiðum sjúkdómi, og þar eins og hjá öðrum er hver dagur lífsins dýrmætur. Í starfsemi Ljóssins er sú staðreynd höfð að leiðarljósi.

Með kveðju frá stjórn Ljóssins



*Stjórn Ljóssins, fv. Erna Magnúsdóttir, Jónas Ragnarsson, Guðrún Högnadóttir, Margrét Frímannsdóttir, Laufey Jóhannsdóttir og Tómas Hallgrímsson.*

# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Af hverju Ljósið? | 2 |
| VONIN, Hagsmunasamtök krabbameinsgreindra | 4 |
| Minningarkort Ljóssins | 4 |
| Sumarið 2007 | 4 |
| Ljósið í Hreyfingu | 5 |
| Merki Ljóssins | 5 |
| Ljósið – frá upphafi | 6 |
| Ókei, ég berst og ég mun sigra! | 12 |
| Gangan í myrkrinu | 16 |
| Ljósið, fyrir aðstandendur | 18 |
| Réttur staður til að ræða málið | 18 |
| Endurhæfing þeirra sem hafa greinst með krabbamein | 20 |
| Ljósin í Neskirkju | 22 |



Útgefandi: Ljósið – Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.
Ábyrgðarmenn: Erna Magnúsdóttir og Tómas Hallgrímsson.
Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Forsíðumynd: Brynjar Gauti Sveinsson.
Umbrot: hskj/Öflun.
Prentun: Prenttækni ehf.
Heimilisfang: Neskirkja v/Hagatorg • 107 Reykjavík.
Símar: 561-3770 • 695-6636
ljosid@ljosid.org • www.ljosid.org
Styrktarreikningur: 0132-26-420 • kt. 590406-0740

# VONIN

## Hagsmunasamtök krabbameinsgreindra

**Hinn 30. janúar síðastliðinn voru stofnuð hagsmunasamtökin Vonin, sem ætlað er að starfa á landsvísu. Vonin eru fyrstu samtök sinnar tegundar hér á landi fyrir krabbameinsgreinda.**

Krabbameinsgreindir eru samkvæmt síðustu tölum orðnir rúmlega 9000 hér á landi. Lífslíkur þeirra aukast ár frá ári sökum betri lyfja, góðrar menntunar lækna og hjúkrunarfólks. Á hverju ári koma á markað ný lyf og nýjar meðferðir sem skila sér í betri lífsgæðum. Tilgangur okkar er að leita jafnræðis við aðra þegna íslensks samfélags varðandi félagsleg réttindi, kjör, vitneskju um lagaleg réttindi og skyldur samfélagsins við krabbameinsgreinda. Einungis hafa verið starfandi stuðningshópar innan Krabbameinsfélags Íslands, sem haldið hafa einn fund í mánuði fyrir félagsmenn sína. Í lögum Krabbameinsfélaganna er ekki að sjá að hagsmunabarátta í þágu krabbameinsgreindra sé megintilgangur félaganna. Því teljum við fulla þörf á stofnun samtaka okkar.

Okkar megintilgangur er að berjast fyrir bættri aðstöðu, t.d. á Landsspítala-Háskólasjúkrahúsi þar sem við höfum í dag einungis 12 legurúm. Endurhæfingarmál eru ofarlega á baugi, svo og bætt aðstaða til sjúkra- og iðjuþjálfunar. Einnig þurfum við að fara yfir tryggingamál krabbameinsgreindra sem verða öryrkjar vegna sjúkdómsins. En áætla má að um 20-30 % okkar hóps séu orðnir öryrkjar eftir langvinn veikindi og sterkar lyfjameðferðir.

Þeir sem óska eftir að verða félagar í Voninni vinsamlegast snúi sér til eftirtalinna:

Haukur Þorvaldsson,
sími 6905253 eða 5874614,
netfang:
haukurthorvalds@yahoo.com

Björk Andersen,
sími 8690091 eða 5880091,
netfang: bjork@usa.com

# Minningarkort Ljóssins



Minningarkort Ljóssins skartar mynd af verkinu Keltneskur kross, sem er handmálað og vélstungið silki eftir listakonuna Sigrúnu Láru Shanko. Hún er félagi í Ljósinu.

Allur ágóði af sölu minningarkortsins rennur til starfrækslu endurhæfingarstöðvarinnar í safnaðarheimili Neskirkju. Einnig er hægt að gerast beinn styrktaraðili að Ljósinu með því senda nafn, kennitölu og heimilisfang á netfangið ljosid@ljosid.org. Félagsgjald er 2.500 krónur á ári.

# Sumarið 2007

Ljósið er starfrækt allan ársins hring og fer því ekki í sumarfrí. Alltaf verður starfsmaður á staðnum og dagskrá í gangi, þótt ekki verði öll stundaskráin virk yfir hásumarið. Hægt verður að koma í spjall, handverk, gönguhópa, jóga og fá annan stuðning.



*Starfsmenn Ljóssins: fv. Berglind Ásgeirsdóttir iðjuþjálfi, Erna Magnúsdóttir iðjuþjálfi og forstöðumaður og Arnhildur Magnúsdóttir jógakennari og aðstoðarmaður.*

# Ljósið í Hreyfingu



*Jónas Ragnarsson*

Merki Ljóssins er hannað af Önnu Þóru Árnadóttur, sem starfar á auglýsingastofunni EnnEmm. Hún útskýrir hönnunina á eftirfarandi hátt:

„Hinn heiti, rauði litur merkisins táknar hlýju og styrk. Form merkisins er þríþætt: Innsti hlutinn er logandi ljós, tákn fyrir lífið sjálft. Hvíti hluti merkisins er mannsmynd sem umfaðmar ljósið. Loks myndar ysti hlutinn skjól utan um ljósið.“

Það var velunnari Ljóssins sem gaf kostnaðinn við gerð merkisins og greiddi jafnframt fyrir fyrsta upplag af bréfsefni og umslögum sem því skarta.

Við þökkum innilega fyrir veglega gjöf.

**„Það sem vantað hefur hjá okkur flestum sem kljást við þennan sjúkdóm er eitthvað til að ýta okkur áfram hvað varðar hreyfingu,“ segir Jónas Ragnarsson hafnsögumaður og einn stjórnarmanna Ljóssins. „Þegar maður er í þessu ástandi hefur maður tilhneigingu til að draga sig inn í sína skel, vill helst bara liggja fyrir og gera ekki neitt. Mann skortir allt framtak.“**

Jónas segir það fyrirkomulag sem verið hefur á þjálfun fyrir krabbameinsgreinda einnig hafa dregið úr framtakssemi fólks. „Hjá Borgarspítalanum var það til dæmis þannig, að maður þurfti að sækja um að komast í endurhæfingu, fá vottorð hjá lækni og greiða fyrir hvert skipti.“

## Hreyfing frá áramótum

Þegar Erna forstöðumaður Ljóssins og Ágústa Johnson framkvæmdastjóri líkamsræktarstöðvarinnar Hreyfingar hófu samstarf í byrjun þessa árs varð mikil breyting í þessum efnum að sögn Jónasar. „Ljósið losar okkur við allt pappírsfarganið og æfingar eru ókeypis. Ég skellti mér með í þetta frá byrjun og vil meina að púlið sé þegar farið að gera mér mjög gott.“

Æfingatímar Ljóssins hjá Hreyfingu eru tvisvar í viku, klukkustund í senn. „Á þriðjudagsmorgnum er áherslan á almenna leikfimi og góða hreyfingu. Ég fann vel fyrir því í fyrstu og var með heilmiklar harðsperrur daginn eftir. Svo erum við í tækjasalnum á fimmtudögum, og það gerir manni líka mjög gott. Við byrjuðum sem sagt á þessu í febrúar síðastliðnum og ég tel að þetta sé komið til að vera“

## Samveran aðalatriðið

Jónas hvetur fólk til að mæta. „Við erum rétt að byrja og hópurinn á örugglega eftir að stækka. Það eru margir sem þyrftu raunverulega á svona æfingum að halda. Þær gera manni svo ótrúlega gott. Ég álít þetta einnig vera eitt af mörgum góðum skrefum sem Ljósið hefur verið að stíga fyrir okkur. Og í líkamsræktinni gildir það sama og í öllu öðru starfi Ljóssins, að samvera fólks er aðalatriðið.“






Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfi og forstöðumaður Ljóssins.

# Ljósið – frá upphafi



Erna Magnúsdóttir

**Tildrög þess að Ljósið varð til má rekja aftur til ársins 2002 en þá tók undirrituð þátt í tilraunaverkefni á vegum Landsspítala Háskólasjúkrahúss um stofnun endurhæfingardeildar fyrir krabbameinsgreinda. Í fyrstu var talað um þverfaglega dagdeild, en var fljótt skorið niður í göngudeild og þeir fagaðilar sem komu að því starfi voru iðjuþjálfi, sjúkraþjálfarar og sálfræðingur eftir þörfum. Deildin var til húsa í gamla Kópavogshælinu í tvö ár eða til ársins 2004 þegar hún var flutt inn í byggingar gamla Borgarspítalans.**

Að fara úr umhverfi eins og í Kópavoginum, þar sem var grænt svæði og hægt að kalla sveit í borg, yfir í bráðaumhverfi spítala var erfitt fyrir iðjuþjálfunina og þá hugmyndafræði sem ég byggði mitt starf á. Þá strax fór ég að huga að því að koma á fót iðjuþjálfun og endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra fyrir utan veggi spítalans.

Að þessari hugmynd var unnið í eitt ár og komu margir aðilar sem höfðu áhuga á málefninu að henni áður en vísir að Ljósinu leit dagsins ljós. Í fyrstu var Kraftur, sem er félag fyrir ungt fólk með krabbamein, með í hugmyndavinnunni og ætluðu þau að vera með upplýsinga- og þjónustumiðstöð við hliðina á okkar starfsemi. Þau drógu sig hins vegar í hlé þegar stjórn Krabbameinsfélags Íslands vildi sjálf fara af stað með miðstöð eins og Kraftur hafði í huga.

### Safnaðarheimili Neskirkju

Við í Ljósinu héldum ótrauð áfram og vísir að starfseminni hófst haustið 2005, þegar við fengum inni í gamla safnaðarheimilinu í Neskirkju, þá aðeins tvo eftirmiðdaga í viku. Stofnfundur Ljóssins var síðan haldinn 20. janúar 2006, og draumur minn og margra annarra um að stofna endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð úti í þjóðfélaginu, þar sem krabbameinsgreindir og aðstandendur þeirra gætu komið til að byggja upp líkamlegt, andlegt og félagslegt þrek, var orðinn að veruleika.

Ljósið er því formlega séð eins árs gamalt, en mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessu fyrsta starfsári. Frá og með fyrsta febrúar 2006 hefur verið full starfsemi allan daginn, alla virka daga. Markmið Ljóssins er að styðja þá einstaklinga sem hafa átt erfitt í kjölfar veikinda við að komast út í þjóðfélagið á nýjan leik.

Sjúkdómurinn og allt meðferðarferlið hefur áhrif á alla fjölskylduna. Það er nauðsynlegt í því samhengi að huga einnig vel að aðstandendum. Þeir eru velkomnir í allt það starf sem fram fer í Ljósinu og hafa þeir verið duglegir við að nýta sér þann stuðning sem í boði er. Frá upphafi hafa yfir 200 manns nýtt sér stuðninginn og í dag eru 150 komur í hverri viku í mismunandi hópa og stuðning fyrir einstaklinga. Það hefur sýnt sig á að mikil þörf er fyrir svona starfsemi. Fólk kemur í Ljósið á eigin forsendum og hvötum og það er engin forræðishyggja í gangi heldur ræður notandinn sjálfur ferðinni og því sem hann vill taka þátt í.



### Að efla lífsgæðin

Við í Ljósinu leggjum mikla áherslu á að umhverfið sé styðjandi, að það sé heimilislegt, notalegt og að fólk finni að það sé velkomið og allir eru jafn mikilvægir. Við leggjum okkur fram um að taka á móti fólki af hlýju og umhyggju og þannig skapast notalegt andrúmsloft og fólkið finnur fyrir samhug. Starfsemin byggir á hugmyndafræði iðjuþjálfunar en iðjuþjálfun hefur frá upphafi byggt á

Reykjavíkurborg
Morgunblaðið
VBS FJÁRFESTINGARBANKI



*Dansað með Kramhúsinu.*

þeirri sýn, að það að hafa eitthvað fyrir stafni sé jafn nauðsynlegt heilsu mannsins og að draga andann.

Þegar fólk gengur í gegnum ferli krabbameinsmeðferðar minnkar orkan og oft dregur úr frumkvæði. Sumir hætta að vinna tímabundið og aðrir alfarið vegna afleiðinga veikindanna. Ljósið hefur það að markmiði að efla lífsgæði hins krabbameinsgreinda og aðstandenda meðan á þessu ferli stendur. Í því er nauðsynlegt að hafa samastað þar sem hægt er að koma, hitta aðra, vinna með höndunum og efla andlegan, félagslegan og líkamlegan þrótt.

Í Ljósið koma foreldrar sem eru að fylgja fullorðnum börnum sínum, og börn sem koma með foreldrum, auk maka, systkina og vina. Allir hafa það að markmiði að efla andlega og líkamlega vellíðan auk þess að njóta samvista í góðum félagsskap. Samhugur og samvinna er í hávegum höfð og sýnir það sig best í öllu því sjálfboðaliðastarfi sem fram fer í Ljósinu. Allir eru tilbúnir til að leggja eitthvað af mörkum svo Ljósið geti dafnað og vaxið. Þótt starfsemin byggi á hugmyndafræði iðjuþjálfunar þá hefur það ekki útilokað að aðrar fagstéttir komi að starfseminni.

Við leggjum mikla áherslu á að þeir einstaklingar sem koma í Ljósið fái tækifæri til að byggja upp sínar sterku hliðar svo auðveldara verði að takast á við lífið í breyttum aðstæðum. Lífið verður aldrei alveg eins og það var, því sú reynsla sem fólk fær við það að greinast með krabbamein fylgir þeim það sem eftir er. Sumir eru tímabundið í endurhæfingu og fara aftur í sömu hlutverkin og þau voru í fyrir greiningu, en aðrir þurfa að skipta yfir í ný hlutverk og þá er mikilvægt að fá stuðning til að geta horft fram á veginn í nýjum aðstæðum.

## Hvað er í boði?

Starfsemin er nú í gangi alla virka daga frá klukkan átta til fjögur. Tilboðin hafa aukist jafnt og þétt þetta fyrsta starfsár. Í fyrstu var aðeins boðið upp á handverkshús og sjálfsstyrkingu einu sinni í viku og jóga tvisvar sinnum í viku. Nú er dagskrá alla dagana, bæði í hópastarfi og einstaklingsvinnu. Dagskráin er þannig úr garði gerð að reynt er að koma til móts við þarfir sem flestra og að hún samanstandi af tilboðum sem ná til líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar uppbyggingar. Á þessu ári hafa orðið til 3 stöðugildi, 1,7 stöðugildi iðjuþjálfa og 1 stöðugildi jógakennara og aðstoðarmanns. Við vinnum einnig náið með fólki úr öðrum fagstéttum sem er lausráðið og má þar nefna sálfræðing, presta, hjúkrunarfræðing, listmeðferðarfræðinga, sjúkraþjálfara, íþróttafræðing og heilsunuddara. Við leggjum okkur einnig fram um að vera í samvinnu við fyrirtæki og félagasamtök sem koma með námskeið inn í Ljósið og gefa starfinu nýjar víddir.

Sumir sem koma í fyrsta sinn í Ljósið eru niðurbrotnir á sál og líkama. Við sjáum það oftar en ekki gerast að fólk eflist og styrkist á ný eftir að hafa sett sér markmið til að vinna að. Það að geta sest niður með kaffibollann sinn með öðrum sem



vistor

MJÓLKURSAMSALAN

ER LÍFIÐ ERFITT?
HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS
ER OPINN
1717
Rauði kross Íslands



*Einbeittir í handverkshúsinu.*

hafa gengið í gegnum sömu reynslu, eða tekið þátt í spennandi og uppbyggilegum verkefnum, er ómetanlegur stuðningur.

Í Ljósinu höfum við þá trú að listin hafi lækningamátt og þess vegna er handverksvinna stór þáttur í starfseminni. Sköpun hefur fylgt iðjuþjálfun frá upphafi, enda talið að heilsa og listsköpun tengdust og þannig hefði sköpunin læknandi áhrif. Í því sambandi er litið á handverk sem andlega upplyftingu auk þess að fylla upp í tómarúm í lífi fólks. Þátttaka í sköpun eykur líkamlega og andlega vellíðan og er jákvæð reynsla sem veitir fólki aftur trú á eigin áhrifamátt.

Við bjóðum upp á alls konar handverk þar sem karlar, konur og börn geta fundið eitthvað við hæfi og má þar nefna tréútskurð, fluguhnýtingar, leirlist, glerlist, mósaík, málun, bútasaum, ullarþæfingu, hatta- og töskugerð og fleira. Jóga hefur verið í boði frá upphafi og nýtur mikilla vinsælda. Við bjóðum reglubundið upp á sjálfsstyrkingarnámskeið og fáum þá til liðs við okkur sálfræðing og prest sem er sérmenntaður í fjölskyldufræðum. Við erum í samvinnu við Foreldrahús og þaðan koma tveir listmeðferðarfræðingar með 10 vikna námskeið til að vinna með tilfinningar í gegnum myndsköpun. Við höfum verið í samvinnu við Kramhúsið með dans og hreyfingu og nú nýlega fórum við í samvinnu við líkamsræktarstöðina Hreyfingu fyrir þá sem vilja fara á almenna líkamsræktarstöð en eiga erfitt með að taka fyrsta skrefið. Líkamsræktin er í umsjón sjúkraþjálfara og íþróttafræðings en iðjuþjálfi frá Ljósinu er einnig á staðnum til stuðnings. Þá höfum við stofnað aðstandendahóp og fengum til liðs við okkur prest og hjúkrunarfræðing, sem bæði hafa mikla reynslu af að vinna í hópum og hafa unnið mikið með Nýrri dögun sem eru sorgarsamtök. Við höfum einnig verið með stutt og skemmtileg námskeið og má þar nefna holla matargerð með Sólveigu Eiríksdóttur í Himneskri hollustu og námskeið í förðun og útliti með Önnu Toher stílista í Debenhams. Við göngum tvisvar sinnum í viku meðfram sjónum við Ægissíðuna og kennum þeim sem vilja stafgöngu í leiðinni. Þá er boðið upp á hugleiðslu, slökun, opna spjallhópa og fræðslu.

## Ýmsar uppákomur

Á árinu hafa verið ýmsar uppákomur og er þá mikið fjör í Ljósinu, samhugurinn og samvinnan mikil. Í maímánuði héldum við opið hús fyrir alþingismenn, starfsfólk Landspítalans og starfsfólk Krabbameinsfélags



*Eyþór og Ellen skemmta.*

MARÁS

ÍSTAK

Rafhönnun



Íslands. Þann sama mánuð var gefinn út kynningarbæklingur fyrir Ljósið og er hægt að nálgast hann á deildum Landspítalans og heilsugæslustöðvum. Þennan sama mánuð voru haldnir styrktartónleikar, þar sem Selkórinn á Seltjarnarnesi söng og var aðsóknin fín og þótti okkur vænt um að sjá heilbrigðisráherra á fremsta bekk.

Í júní var haldið í vorferð og lá leiðin til Þorlákshafnar, Stokkseyrar og Eyrarbakka. Þar voru kirkjur og söfn skoðuð og endað í Rauða húsinu á Eyrarbakka þar sem veglegar veitingar voru bornar fram og fólk skemmti sér. Í sama mánuði var haldin vegleg 100 manna grillveisla við Neskirkju og var undirbúningur og öll vinna í höndum félaga í Ljósinu. Þar var hlustað á harmónikkuspil og eini sólardagurinn í júní bar upp á þennan dag.

Í nóvember voru aftur haldnir styrktartónleikar og aftur kom Selkórinn og söng. Einnig mættu Kvennakórinn Léttsveitin, Unglingakór Snælandsskóla, auk einsöngvara. Í desember var haldin stór handverkssala þar sem munir úr handverkshúsi Ljóssins voru seldir en auk þeirra muna gaf glerlistakonan Ella Rósinkrans Ljósinu um 200 glermuni til sölunnar. Þar var einnig kökubasar og kaffisala og iðaði kaffitorg Neskirkju af lífi og gleði allan þann dag. Allur undirbúningur og vinna var í höndum félaga Ljóssins og mikil stemning. Ella Rósinkrans kom aftur við sögu þennan sama mánuð því sölusýning á silfurmunum fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir jólin og voru það handunnir skartgripir frá félögum úr Ljósinu auk annarra sjálfboðaliða undir handleiðslu og stjórn Ellu.

Við höfum fundið mikinn velvilja frá mörgum einstaklingum og félögum á Íslandi frá því við hófum starfsemina og má segja að starfsemin dafni vegna velvilja þeirra.

## Samstarf við Neskirkju

Það var Ljósinu mikil blessun að fá inni í gamla safnaðarheimili Neskirkju. Þar er góður andi og gott að vera. Allt starfsfólk Neskirkju hefur tekið okkur vel og við fáum nokkur herbergi fyrir okkur sjálf, en að hluta til deilum við húsnæðinu með kirkjunni. Samstarfið hefur gengið vel, þótt nú þegar sé farið að þrengja að okkur en við reynum að vinna sem best úr því. Síðsumars var ákveðið að stofna sérstakan húsnæðis- og minningarsjóð þar sem við gætum byrjað að safna fyrir stærra húsnæði. Minningarsjóðurinn er tileinkaður Eyjólfi Sigurðssyni sem lést í júlí 2006. Hann var einn af stofnfélögum Ljóssins og lagði alla sína krafta í að kynna Ljósið og efla starfsemina.

## Framtíðin

Við í Ljósinu höldum ótrauð áfram og munum bara eflast og stækka, því við sjáum að þörfin fyrir starfsemina er mikil. Stuðningur hefur komið frá fyrirtækjum, félagasamtökum og svo mun ríkið greiða rúmlega eitt stöðugildi fyrir árið 2007. Það er alveg ljóst að við þurfum meiri hjálp, bæði frá ríki og fyrirtækjum. Stuðningur eins og veittur er í Ljósinu flýtir fyrir að einstaklingar verði aftur virkir úti í þjóðfélaginu, annaðhvort við fyrri iðju eða nýja. Ég er sannfærð um að svona stuðningur nýtist ekki eingöngu fjölskyldum krabbameinsgreindra, heldur er hann sparnaður fyrir allt þjóðfélagið þegar til lengri tíma er litið.



*Frá handverkssölunni.*

gsk GlaxoSmithKline
VISA
SPM

# Stundataflan

| LJÓSIÐ | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 8:00 – 9:00 | | | | Svæðanudd | |
| 9:00 – 10:00 | 9:30 – 13:00 Heilrænt nudd | Svæðanudd | | Svæðanudd | 9:30 – 13:00 Heilrænt nudd |
| 10:00 – 11:00 | Jóga Leirhópur | Svæðanudd | 10:30 Námskeið, slökun, hugleiðsla | Jóga | Námskeið ýmislegt |
| 11:00 – 12:00 | Gönguhópur Leirhópur | Jóga | | Jóga Gönguhópur | |
| 12:00 – 12:30 | Leirhópur | | 12:15 Kyrrðarstund | | |
| 12:30 – 13:00 | Leirhópur | Handverkshús | Borðað saman á Neskaffi | Leirhópur | Handverkshús |
| 13:00 – 14:00 | Leirhópur | Handverkshús | 12:45 – 14:00 Opinn spjallhópur | Leirhópur | Handverkshús |
| 14:00 – 15:00 | Námskeið sjálfstyrking | Handverkshús | Námskeið: Listmeðferð | Leirhópur | Handverkshús |
| 15:00 – 16:00 | | Handverkshús | | Leirhópur | Handverkshús |
| 19:30 – 21:00 | Aðstandendahópur | | | | |

ATH: Heilrænt nudd með ilmolíum mánudaga og föstudaga kl. 9:30-13. Tímapantanir í Ljósinu.

ATH: Líkamsrækt þriðudaga kl.11:10 og fimmtudaga kl. 14:00 í Hreyfingu Faxafeni. Skráning í tímana í Ljósinu.




## Við þökkum kærlega fyrir stuðning ykkar við Ljósið.

**Reykjavík**

101 snikkarinn ehf. smiður
A. Wendel ehf.
About Fish Íslandi ehf.
Aðal Tannsmíðastofan
Aðalblikk ehf.
Aflgröfur ehf.
Afltækni ehf.
Akstur og þrif sf
Aldamót ehf
Alhliða flutningaþjónustan ehf.
Allar lagnir ehf.
Allt í einu, söluturn
Almenna bílaverkstæðið hf.
Almenna verkfræðistofan hf.
AM Kredit
Andrés fataverslun
Anna Einarsdóttir
Antikhúsið ehf.
Antiksalan
Apparat ehf.
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Argos ehf.
- Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkidea ehf.
Arkitektastofa Hjördís & Dennis
Arkitektastofan OG ehf
Aseta ehf.
Asía hf.
ASK Arkitektar ehf.
Atvinnuhús ehf. - Fasteignasala
Augland ehf
Auglýsingastofan Dagsverk ehf.
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Auglýsingastofan Hér og nú ehf.
Ágóði ehf.
ÁK Sjúkraþjálfun
Árbæjarapótek ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B.S.smíði ehf.
Backmann & Björgvinsson
  Lögmannsstofa
Bandalag Íslenskra Farfugla
Bandalag kvenna í Reykjavík
  við Hallveigarstíg
Barr ehf.
Barry-rammi ehf.
Bátagerðin Samtak ehf.
BBÆ Tannlæknastofa ehf.
Belís ehf.
Bergiðjan Verndaður vinnustaður
Bergís ehf.
Bergplast ehf.
Berserkir ehf.
Betra grip/Jarðljós ehf.
Betri lausnir ehf.
BGI málarar
Bifreiðabyggingar sf.
Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf.
Bílabarinn ehf.
BílaGlerið ehf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílanaust hf.
Bílasala Reykjavíkur ehf.
Bílasmiðurinn hf.
Blaðamannafélag Íslands
Blómabúð Michelsen
Boltís sf.
Borgarlagnir ehf.
Borgarpylsur
Bormenn Íslands ehf.
Bortækni ehf.
Bókasafn Menntaskólans v/Sund
Bókaútgáfan Salka ehf.
Bókhaldsstofan Alex
Bókhaldsstofan Stemma ehf.
Bókhaldsþjónustan
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf.
Bón-Fús
Bónus-Bón ehf.
Breiðan ehf.
Breiðholtskirkja
Brim hf.
Brimdal ehf.
BSR ehf.
BSRB
Búsáhöld og gjafavörur
BV - Ramma Studíó ehf.
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Carpe diem - Þ.Þ. Veitingar ehf.
Cavern ehf.
Danica sjávarafurðir ehf.
Davíð S. Jónsson & Co. ehf.
DHL á Íslandi
Dór ehf.
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Dynjandi ehf.
Dyrasímaþjónusta Gests
Dýraverndarsamband Íslands
E. Bjarnason ehf.
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Ecco á Íslandi
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Katla
Eignamiðlunin ehf.
Eignarhaldsfélagið
  Samvinnutryggingar svf.
Eignaumboðið ehf.
Einingaverksmiðjan ehf.
Eirberg ehf.
Endurskoðun
  Hjartar Pjetursssonar ehf.
Endurskoðun og reikningshald
Endurskoðunarskrifstofa
  Sigurðar Guðmundssonar
Engey ehf. heildverslun
Erna Kristinsdóttir
Eros ehf.
Europris
Extón - Kastljós
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
Farice hf.
Farmanna- og
  fiskimannasamband Íslands
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Fasteignasalan Borgir ehf.
Fasteignasalan Klettur
Faxaflóahafnir
Ferðaskrifstofa Harðar
  Erlingsonar-Naturreisen ehf.
Ferðaþjónusta bænda hf.
Feró ehf.
Ferskar kjötvörur hf.
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félagsbústaðir hf.
Félagsmiðstöðin Aflagranda 40
Fisco ehf.
Fiskkaup hf.
Fínka málningarverktakar ehf.
Fjarhitun hf.
Fjárfestingafélagið Fjárfestir ehf.
Fjölbrautaskólinn Breiðholti
  v/ bókasafns
Fjöltækniskólinn
Flügger-Litir
FOF Kort ehf.
Fornmun ehf.
Forsætisráðuneytið
Forum Lögmenn
Forval hf.
Fosshótel
Fótaaðgerða- og snyrtistofa Eddu
Fótaaðgerða- og snyrtistofan Líf
Fótaaðgerðarstofan Gæfuspor
Frumkönnun ehf.
Fræðslumiðstöð Öl
Fröken Júlía ehf.
Fylgifiskar ehf.
  sérverslun með sjávarfang
Fyrirtæki og samningar hf.
G. Hannesson ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
G.M. Einarsson
G.S. Export ehf.
Gagnaeyðing ehf.
Gastec ehf
Gámaþjónustan hf.
Gáski ehf. - Sjúkraþjálfun

KAUPÞING
BAKKAVÖR
hanza hópurinn

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

# Ókei, ég berst og ég m

**Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir greindist með krabbamein í brjósti í september 2005. Hún var 52 ára gömul og skyndilega sneri tilveran á haus. Við tók ströng og erfið meðferð með lyfjum, uppskurði og geislum. Hárleysi, máttleysi, lystarleysi. Verkir og óþol um allan líkamann. Hremmingar sem aldrei virtust ætla að enda.**

**En allt þetta er ekki á sjá á konunni sem einu og hálfu ári síðar opnar fyrir mér dyrnar á heimili sínu í Kópavoginum. Hún er létt og lipur í hreyfingum, geislar af glaðværð og lífsfyllingu, og erfitt að ímynda sér að hún hafi nokkurn tímann horfst í augu við dauðann.**

„Ég hafði farið í skoðun og fékk að vita þetta daginn eftir að ég var í jarðarför vinkonu minnar sem dó úr krabbameini," segir Una þegar við höfum komið okkur þægilega fyrir í stofunni og ég hef spjallið með spurningu um sjúkdómsgreininguna. „Ég man að ég sat í kirkjunni og mig grunaði að kannski væri eitthvað að, því það var búið að kalla mig í skoðun tvisvar, og ég hugsaði: Verð ég kannski í hennar sporum fljótlega? Það var mjög skrítið að sitja þarna, horfa á kistuna og hugsa um þetta. Þessi vinkona mín var örlítið eldri en ég og þar af leiðandi á besta aldri."

– Og þú greindist sem sagt með krabbamein í brjósti...

„Já, og í eitlum undir hendi. Og þetta var illkynja og hraðvaxandi mein. Ég var um leið sett á lyf sem þýddi að læknarnir vildu reyna að stoppa þetta eins og skot. Þetta voru sterk lyf og ég missti strax hárið."

– Hvernig varð þér við að heyra að þú værir með illkynja krabbamein?

„Greiningin kom mér verulega á óvart, því ég hafði alltaf farið samviskusamlega á tveggja ára fresti í krabbameinsskoðun á leitarstöðinni og ekkert borið á neinu slíku. Reyndar hafði ég verið með góðkynja ber í brjóstinu í fjöldamörg ár, sem þarna hafði umbreyst í illkynja krabbamein. Fyrstu viðbrögð mín voru ótti og síðan reiði yfir því að berið skyldi ekki hafa verið fjarlægt fyrir löngu. Skömmu áður hafði líka vinkona mín greinst með góðkynja ber í brjósti og það var fjarlægt strax. Af hverju var það ekki gert hjá mér? hugsaði ég. Af hverju er ekki það sama gert við alla?"

– Hefurðu fengið svar við þessari spurningu?

„Nei, ég var alltaf á leiðinni að skrifa þeim bréf, alltaf að fara að gera eitthvað í því, en svo hjaðnaði reiðin og breyttist í sorg. Ég var heldur ekki reið út í fólkið á leitarstöðinni, en mig langaði til að brjóta húsið niður. Skrítið, en þetta voru bara tilfinningarnar sem flæddu og framkölluðu þessar hugsanir."

## Gamall ótti í fjölskyldunni

Una brosir með sjálfri sér og horfir nokkra stund hugsandi fram fyrir sig áður en hún heldur áfram: „Ég man hvað mér fannst erfitt að koma inn á biðstofu læknisins í fyrsta sinn sem ég fékk að vita þetta. Ég mátti hafa einhvern með mér og ég hafði systurdóttur mína með mér og þegar ég kom á biðstofuna var þar fullt af fólki, sumir sköllóttir, aðrir með hárkollu, allir voru daprir á svipinn og mér fannst eins og ég væri dauðadæmd. Og ég sagði við frænku mína: Farðu með mig út héðan, ég vil ekki vera hérna, ég vil ekki að þetta sé að koma fyrir mig."

– Fannst þér þetta vera einskonar biðstofa dauðans?

„Mér fannst þetta svo ofboðslega sorglegt allt saman. Ég vissi að mín biðu þjáningar og erfiðleikar, og það eina sem ég hugsaði um var að ég væri einstæð móðir með tólf ára gamlan son og að ég vildi ekki vera í þessum sporum. Ég vissi hvað þetta var. Ég missti Stínu mágkonu mína fyrir níu árum. Hún var jafngömul mér og dó úr brjóstakrabbameini, þannig að brjóstakrabbamein var samasem dauði í hugum allra í fjölskyldunni. Hún kvaldist mjög mikið og barðist mjög hetjulegri baráttu. Hún missti bæði brjóstin, en fór á þremur árum, aðeins fertug að aldri. Svo þegar fréttist að ég hefði greinst með brjóstakrabbamein blossaði hræðslan og sorgin aftur upp hjá öllum í fjölskyldunni. Og það rifjaðist upp fyrir mér að þegar Stína var að ganga í gengum þetta sagði ég alltaf: Ef ég fæ krabbamein þá drep ég mig! Ég ætla aldrei ekki að ganga í gegnum svona helvíti!"

– En núna var komið að þér ...

„Já, núna var komið að mér. Það var hræðileg tilhugsun. Ég náði eiginlega ekki utan um hana, þrátt fyrir að ég taldi mig vita allt um þetta." Una hristir höfuðið. „Daginn eftir greininguna, þegar ég ók Huldari syni mínum í skólann, horfði ég á eftir honum og grét og hugsaði: Kannski á ég ekki oft eftir að sjá hann labba svona inn í skólann sinn. Og ég fór og tíndi haustlaufblöðin og hugsaði: Kannski á ég aldrei eftir að sjá svona laufblöð aftur. Og ég horfði á tunglið og hugsaði: Hversu oft á ég eftir að sjá tunglið? Ég sogaði allt umhverfið í mig og hugsaði að ég ætlaði ekki að missa af neinu þann stutta tíma sem ég ætti eftir. Ég upplifði nálægð dauðans svona sterkt. Mér fannst ég vera að gera allt í síðasta skipti."

# nun sigra!



*Una Sigurlína „Í Neskirkju hitti ég svona líka yndislegt, brosmilt fólk sem bauð mig velkomna, þannig að mér leið strax ákaflega vel þarna."*

## Veik til að verða frísk

En Una segist sem betur fer eiga marga góða að. „Vigfús Bjarni Albertsson, sálgæsluprestur á Landspítalanum, er í fjölskyldunni, alveg yndislegur maður. Vigfús bauð okkur Huldari að koma, við settumst í kapelluna við kertaljós og hann talaði við okkur lengi. Svo talaði hann við Huldar einan í klukkutíma, og ég held að þetta hafi breytt öllu fyrir okkur mæðginin. Við gátum strax talað um krabbameinið af fullri hreinskilni. Huldar fékk að vita nákvæmlega hvað var að og að ég myndi þurfa að ganga í gegnum mjög erfiða lyfjameðferð. Ég yrði ofboðslega veik, en ég yrði það til þess að verða frísk aftur. Málið var ævinlega sett upp þannig að á endanum yrði allt jákvætt. Það var aldrei talað um dauðann, aldrei talað um að þetta myndi enda þannig, heldur alltaf að ég yrði frísk aftur. Vigfús kenndi okkur svo margt á þessari kvöldstund, og við máttum alltaf leita til hans með hvað sem var, hvenær sem var. Það var mjög gott að eiga einhvern svona að þegar þetta var að gerast."

– Það sló semsé á nálægð dauðans fyrir þig líka?

„Já, mér fannst það. Og ég fór að hugsa: Ókei, ég berst og ég mun sigra. Ég verð veik til þess að verða frísk aftur – sú setning gerði útslagið með að ég trúði því að ég myndi ná þessu."

– Svo fórstu í lyfjameðferðina...

„Já, þegar ég hafði verið heila viku í öllum þessum rannsóknum og búið að finna út nákvæmlega hvaða tegund krabbameins hrjáði mig. Ég hafði reyndar ekki haft hugmynd um hvað þær tegundir eru margar! Já, ég fór svo inn á spítala á mánudegi, var þar í nokkrar klukkustundir og fékk glás af lyfjum, marga poka alveg. En ég var mjög bjartsýn, mér fannst þetta ekkert mál og hugsaði: Fyrst ég verð að gera þetta, þá geri ég það með jákvæðu hugarfari. Samt hugsaði ég líka stöðugt um að njóta hvers dags, eins og hann gæti verið sá síðasti."

– Vissirðu fyrirfram hvernig meðferðin yrði?

„Mér var sagt að ég færi í þrjár lyfjagjafir á þriggja vikna fresti, svo færi ég í uppskurð, þá aftur í þrjár lyfjagjafir á þriggja vikna fresti og loks í geislameðferð. Þetta myndi taka eitt ár og síðan myndi ég þurfa góðan tíma til að jafna mig og byggja mig upp aftur. Til mín kom félagsráðgjafi, sagði mér frá réttindum mínum og hjálpaði mér að leita þeirra. Ég fékk heilt fílófax af allskonar upplýsingum. Allt gekk þetta síðan eftir, ég varð rosalega veik af lyfjunum og missti hárið. Samt var ég aldrei það veik að ég gæti ekki staðið í lappirnar, farið út í búð og eldað kvöldmatinn fyrir okkur mæðginin."

## Ljósið

Una hætti að vinna í kjölfar sjúkdómsgreiningarinnar. „Ég var í fullri stöðu sem kennari hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum. Það er mjög krefjandi starf frá átta til fjögur á daginn, fyrir utan fundi og allt það. Mér var hreinlega bannað að halda áfram að vinna, læknarnir gerðu það, því skóli er þannig vinnustaður að þar eru allskonar flensur í gangi og ég yrði svo móttækileg fyrir öllu slíku. Ég hafði ekki verið lengi í lyfjameðferðinni þegar ég gerði mér grein fyrir að þetta var alveg rétt hjá þeim."

– Og svo kynnistu starfi Ljóssins, ekki satt?

„Jú, um leið og ég greindist með krabbameinið fór ég að hugsa um hvort ekki væri til einhver staður þar sem ég gæti hitt fólk sem hefði upplifað og væri að berjast við það sama og ég. Ég fann engan stað til að byrja með. Reyndar var ég mjög upptekin á þessum tíma þar sem ég var að



*Með hundinum Bangsa í Þjórsárdal. „Mér fannst ég vera að gera allt í síðasta skipti.“*

skipta um íbúð, hafði leigt en var að flytja í íbúð sem ég hafði keypt mér. Allir í fjölskyldunni hjálpuðu mér við það, svo sem þrír bræður mínir sem eru smiðir og búa á Akureyri. Þeir komu suður og máluðu og skiptu um gólfefni og voru alveg dásamlegir. Þegar ég kvaddi þá úti á plani var ég orðin sköllótt og hafði fengið hárkolluna þann sama dag. Svo var ég að baksa við að koma mér fyrir, fékk góða hjálp við það og síðan fór ég í uppskurðinn. Eftir hann var ég eitthvað að lesa mér til um endurhæfingu þegar ég rakst á grein um að félagsskapur sem kallaðist Ljósið væri að hefja endurhæfingarstarf fyrir krabbameinsgreinda í gamla safnaðarheimili Neskirkju. Þetta var í desember 2005 og ég ákvað að skella mér strax eftir áramótin.“

– Hvernig urðu svo þessi fyrstu kynni þín af Ljósinu?

„Ég var rosa feimin þegar ég mætti þangað fyrst, með hárkolluna og allt það,“ svarar Una og skellir upp úr. „Mér fannst þetta dáldið erfitt og vissi eiginlega ekki hvað ég var að fara að gera. En þegar ég kom í Neskirkju hitti ég svona líka yndislegt, brosmilt fólk sem bauð mig velkomna, þannig að mér leið strax ákaflega vel þarna. Við vorum nú ekki mörg í byrjun, varla tíu. Við hittumst á miðvikudögum á spjallfundum, jógað var byrjað og svo handverkshúsið. Mér fannst þetta hreint út sagt frábært, að vakna á morgnana og hafa eitthvers að hlakka til, fara út og hitta fólk sem var í sömu stöðu og ég. Í febrúar eignaðist Ljósið leirbrennsluofn og þá spurði Erna forstöðukona mig hvort ég vildi vera með í þeim hópi og læra þetta þannig að ég gæti þá jafnvel hjálpað til og ég vildi það gjarnan. En stundum var ég reyndar svo veik að ég var bara þarna og gerði voða lítið, þá var bara markmiðið að fara á fætur, tilgangurinn einungis að mæta og vera þarna. Svo var það auðvitað oftar en ekki þannig að þegar maður mætti gleymdist hvað maður var veikur og maður fór að gera hluti sem maður hélt að maður gæti ekki. Enda sagði ég alltaf: Vá, er ekki frábært að hafa þennan stað og geta alltaf farið út á morgnana og komið svo glaður heim síðdegis. Og hvað það er gott fyrir strákinn að ég skuli ekki sitja ein hérna heima í eymd og volæði. Og þetta að ég fékk strax hlutverk, að það væri beinn tilgangur með því að ég mætti. Ég fann að ég skipti máli og ég fékk líka að stjórna því sem ég gerði, var aldrei þvinguð til neins. Mér fannst þetta allt alveg frábært og hjálpa mér óumræðilega mikið í endurbatanum. Svo verður að segjast að Ljósið er mjög heppið hafa forstöðukonu eins og hana Ernu. Hún er í einu orði sagt frábær manneskja.“

## Milljón gullmolar

Una er í hópi formlegra stofnenda Ljóssins. „Já, ég var á stofnfundinum í janúar í fyrra. Það var svakalega gaman, fullt hús af fólki, miklu fleiri en við bjuggumst við. Svo fór starfsemin smám saman að aukast og hitt og þetta að bætast við. Við vorum ákaflega stórhuga og það var ákveðið að halda tónleika í Neskirkju, og Neskórinn...“ Una þagnar stundarkorn og horfir fast á mig. „Sko, ég verð að segja það, að áður en ég veiktist vissi ég ekki að það væri til svona margt gott og óeigingjarnt fólk. Í gegnum þetta ár mitt þarna hjá Ljósinu kom það mér aftur og aftur á óvart... Það er alltaf verið að tala um græðgina og efnishyggjuna í fólki, en svo eru bara milljón gullmolar þarna inn á milli sem koma og gera hitt og þetta fyrir fólkið. Gefa vinnu sína, gefa hluti, gefa efni, halda námsskeið. Það er alveg stórkostlegt og maður hafði ekki gert sér grein fyrir þessu. Hérna áður fyrr þegar ég heyrði fólk sem lent hefur í veikindum segja að það „hefði nú ekki viljað vera án þessarar lífsreynslu“ þá varð ég alltaf reið inni í mér og fannst slíkt vera hræsni. Ég gat heldur ekki séð þetta þannig á meðan mér leið sjálfri hvað verst og kvaldist sem mest. En í dag er ég á annarri skoðun, það er svo margt sem maður lærir og fer að horfa á allt öðrum augum en maður gerði áður. Núna veit ég að það er rétt að maður fari að meta litlu hlutina meira og sér betur en áður hvað það er í lífinu sem skiptir mestu máli.“

– Það er bráðum ár síðan læknis-

spron
www.spron.is
SVA
ÖBÍ

meðferðinni lauk hjá þér – hvernig hefur þér gengið?

